



BORGARRÁÐ 2. júlí 2026: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Samfylkingarinnar um hagræðinga- og breytingatillögur á stjórnskipulagi skrifstofu borgarstjóra og borgarritara – MSS26070006

Borgarráð samþykkti á síðasta fundi að segja upp upplýsingafulltrúum og dreifa ábyrgð mannréttindaskrifstofu yfir á önnur svið Reykjavíkurborgar. Ljóst er að í þessum hópi voru upplýsingafulltrúar frá Umhverfis- og skipulagssviði, Velferðarsvið og Skóla- og frístundasviði. Enn fremur var viðburða teymi frá skrifstofu borgarstjóra fært yfir á menningar- og íþróttasvið.

1. Hvaða þjónustu mun Velferðarsvið fá, frá miðlægu teymi, þegar upplýsingafulltrúi Velferðarsviðs sem starfaði á skrifstofu borgarstjóra hefur verið sagt upp?
2. Hvernig hafa málin verið leyst, á skrifstofu Borgarstjóra, frá því að upplýsingafulltrúum var sagt upp störfum?
3. Hafa einhverjir upplýsingafulltrúar verið ráðnir aftur og hvað réði því? Hver voru fagleg sjónarmið og ferillinn við mat á því hvaða upplýsingafulltrúa ætti að ráða aftur?
4. Er þegar búið að útvista einhverjum verkefnum á skrifstofu Borgarstjóra? Er búið að semja við einhverja tiltekna stofu? Ef já, hvaða stofu og hver er kostnaðurinn? Ef ekki, verður farið í útboð?
5. Hefur nýr meirihluti þegar keypt þjónustu ráðgjafa- eða samskipta stofu frá því að nýr meirihlutinn tók við?

